



Landsreglur fyrir rallykeppnir á Íslandi

Útgefið af AKÍS, yfirfarið af Keppnisráði í ralli 2017.

Þórður Bragason

Guðbergur Reynisson

Þórður Ingvason

Útgáfa 002/2017

Allar rallykeppnir á Íslandi skulu haldnar í samræmi við reglur þessar og eftir alþjóðlegu lögbók FIA International Sporting Code og samkvæmt landsreglum AKÍS. Komi upp misræmi, þá gilda landsreglur AKÍS og sé misræmi í landsreglum og reglum FIA þá gilda FIA reglurnar

1. Kafli I Dagskrá

- 1.1. Birta skal dagskrá keppni, sem er liður í Íslandsmóti, með a.m.k. þriggja vikna fyrirvara á heimasíðunni www.akis.is. Í dagskránni komi fram helstu upplýsingar varðandi dagsetningar og tímasetningar, s.s. skráningarfrest, öryggisskoðun, upphaf og endi ásamt birtingu úrslita.
- 1.2. Jafnframt skal í dagskrá koma fram hvar frekari upplýsingar um keppnina verði framvegis birtar (upplýsingatafla), sem og nafn og símanúmer keppnisstjóra.
- 1.3. Tímaáætlun og leiðarlýsing skal liggja fyrir eigi síðar sjö dögum fyrir keppni, enda sé skráningarfresti ekki lokið. Hér er att við keppnir í Íslandsmóti.

2. SKIPULAGNING

2.1. Skilgreining.

- 2.1.1. Skipuleggjendur og framkvæmdaaðilar keppninnar.

2.1.1.1. Keppnisstjórn og starfsfólk keppinnar.

- 2.1.1.1.1. Keppnisstjóri
- 2.1.1.1.2. Ritari
- 2.1.1.1.3. Starfsmannastjóri
- 2.1.1.1.4. Brautarstjóri
- 2.1.1.1.5. Tengiliður keppenda
- 2.1.1.1.6. Fjölmíðlafulltrúi
- 2.1.1.1.7. Aðalskoðunarmaður/menn (f.h. AKÍS)
- 2.1.1.1.8. Dómnefnd

2.1.1.2. Heimilisfang keppinnar og upplýsingatafla)

3. ALMENN SKILYRÐI

3.1.1. Reglur þessar gilda fyrir keppni í rallakstri á Íslandi . Stjórnendur keppna eru keppnisstjórnir sem skipaðar eru af keppnishöldurum.

3.1.2. Reglur þessar gilda í þann tíma sem dagskrá keppni kveður á um.

3.2. LÝSING

3.2.1. Lengd keppinnar er ákveðin í tímatöflu og er skipt niður í hluta, sem er skipt niður í áfanga.

3.2.2. Bifreiðar munu ræstar með einnar (1) mínútu millibili (grein 5.1.1.) og verður í allri keppninni notast við símaklukkuna sem er í síma 155.

3.2.3. Keppnisstjórn þarf ekki að gefa út leiðarnótur, en áhöfnum er heimilt að nota sínar eigin leiðarnótur.

3.3. KÖNNUN SÉRLEIÐA

3.3.1. Keppendur eru minntir á að meðan á könnun sérleiða stendur er vegum ekki lokað, svo að íslenskar umferðarreglur gilda þar. Í þeim tilvikum sem sérleið liggur

um einkaland verður að fá heimild landeigenda hverju sinni áður en könnun fer fram.

3.3.2. Keppnishaldara er heimilt að takmarka Könnun sérleiða (leiðarskoðun). Slíkar takmarkanir skulu koma fram við útgáfu leiðarlýsingar og eða Dagskrá keppinnar.

3.3.3. Dagana fyrir keppni, hér eftir nefndir könnunardagar, geta löggæslufirvöld og keppnisstjórn sett upp athugunarstöðvar til þess að athuga hraða og umgengni um sérleiðirnar.

3.3.4. Meðan á könnunardögum og allri keppninni stendur, mun keppendum sem aka of hratt eða á þann máta, að mati keppnisstjórnar, að það valdi eða geti valdið hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur eða almenning, verða refsað sem hér segir:

3.3.4.1. Fyrsta brot, skrifleg áminning.

3.3.4.2. Annað brot, sekt að upphæð kr. 10.000,-.

3.3.4.3. Þriðja brot, rásheimild neitað.

3.3.5. Gagnvart grein 3.3.4 og undurreglum hennar er ákvörðun keppnisstjóra með samþykki dómnefndar endanleg. Gildir þar einu hvort kæra kemur frá löggæslufirvöldum eður ei og einnig óháð því hver útkoma yrði í slíku máli. Ekki er hægt að kæra eða áfrýja ákvörðun þessari og keppnisgjöld verða ekki endurgreidd.

3.3.6. Keppendum mun tilkynnt við fyrsta tækifæri um refsingar, en ef svo ber undir er heimilt að tilkynna annað og/eða þriðja brot um leið og tilkynnt er um fyrsta eða annað brot.

3.3.7. Könnun sérleiða er ekki leyfileg á keppnisbifreiðum eftir að leiðarlýsing keppni hefur verið gefin út. Við könnun leiða skulu keppendur gæta varúðar og fara eftir þeim umferðarreglum sem gilda á hverjum stað

3.3.8. Keppnisstjórn er heimilt að krefjast þess að keppendur gefi upp gerð og lit bifreiðar sem þeir nota við könnun sérleiða, ásamt bílnúmeri. Þessi krafa skal tilgreind í dagskrá og/eða leiðarlýsingu keppinnar.

3.4. HÆFIR BÍLAR

3.4.1. Sjá flokkareglur

3.4.2. Hver flokkur skal samanstanda af að minnsta kosti þremur (3) bílum. Séu færri en þrír bílar í flokki skal keppnisstjórn setja þá í flokk með þeim bílum sem eru í

næsta flokk fyrir ofan á listanum, það er með bílum með stærra slagrúmtak í sama gengi.

3.4.3. Allur dekkjabúnaður keppnisbíla skal vera í samræmi við íslensk lög og reglur.

3.4.4. Bannað er að hafa í keppnisbifreið eldfima vökva í lausum ílátum að viðlagðri brottvísun úr keppni.

3.4.5. Hver keppnisaðili á að hafa á reiðum höndum alla vitneskju um bílinn og búnað hans sé hann spurður.

3.5. HÆFIR KEPPENDUR

3.5.1. Ökumenn skulu hafa gild ökuskírteini, sem hæfir gerð bifreiðarinnar. Þó er aðstoðarökumanni heimilt að keppa án réttinda frá 15 ára aldri og aldrei fengið ökuréttindi. Innlendir keppendur skulu vera félagar í bifreiðaíþróttaklúbbi innan vébanda AKÍS. Allir keppendur skulu hafa gild keppnisskírteini frá AKÍS eða annars A.S.N.

3.5.2. Sé ökumaður ekki fjárráða skal forráðamaður hans, með undirskrift sinni á þátttökuumsókn gangast í ábyrgð fyrir hann.

3.5.3. Þegar keppnisaðili er annar en annarhvor keppenda skal sá ökumaður sem fyrr er nefndur á keppnisumsókn takast á hendur ábyrgð og skyldur keppnisaðila meðan keppni stendur.

3.6. ÞÁTTTÖKUUMSÓKNIR

3.6.1. Hver sá sem óskar að taka þátt í keppninni verður að skila útfylltri þátttökuumsókn ásamt uppgjöri á keppnisgjöldum til keppnisstjórnar samkvæmt dagskrá keppinnar í grein 1.

3.6.1.1. Skrá skal Keppnislíð, þetta er valkvæmt. Ef ekkert er valið tilheyrir skráningin engu líði.

3.6.1.2. Skrá skal keppnisaðila, sé enginn skráður telst ökumaður vera keppnisaðili.

3.6.1.3. Skrá ökumann

3.6.1.4. Skrá aðstoðarökumann

3.6.1.5. Skrá upplýsingar um ökutæki og flokk sem óskað er eftir að keppa í.

- 3.6.2. Breytingar á þátttökuumsókn eru háðar samþykki keppnisstjórnar og skal þeirra óskað áður en skoðun keppnisbifreiða hefst.
- 3.6.3. Erlendir keppendur verða að framvísa gildu alþjóðlegu keppnisskírteini. Keppnisstjórn er heimilt að samþykkja staðfestingu frá öðru ASN innan NEZ.
- 3.6.4. Engar breytingar má gera á þátttökuumsóknum aðrar en þær sem leyfðar eru í reglum þessum. Aðeins má skipta um annann ökumanninn
- 3.6.4.1. áður en að skoðun keppnisbifreiðar fer fram og með samþykki keppnisstjórnar.
- 3.6.4.2. eftir skoðun á keppnisbifreiðinni með samþykki dómnefndar.
- 3.6.5. Það að skipta um báða ökumenn er aðeins hægt með sérstöku leyfi frá dómnefnd keppninnar.
- 3.6.6. Keppnisaðili má þó skipta um bíl, að því tilskyldu að hinn nýi bíll sé í sama flokki og sama gengi og sá er tilgreindur er í þátttökuumsókn, fram að skoðun keppnisbifreiða.
- 3.6.7. Komi það upp við skoðun keppnisbifreiða fyrir keppni að keppnisbifreið sé ekki í samræmi við uppgefinn keppnisflokk á þátttökuumsókninni, skal, samkvæmt tillögu skoðunarmanna, að færa viðkomandi í annan keppnisflokk og/eða gengi, samkvæmt ákvörðun dómnefndar.
- 3.6.8. Með staðfestingu sinni á þátttökuumsókn skuldbinda keppnisaðili og keppendur sig til að hlýta í einu og öllu reglum þessum, lögbókar FIA, svo og ákvörðunum dómnefndar.
- 3.6.9. Keppnisstjórn áskilur sér rétt til að hafna þátttökuumsóknum eða þátttöku ökumanna án skýringar og skal það gert innan 48 klst. frá því síðasti skilafrestur rennur út. (samanber grein 74 lögbókar FIA).
- 3.6.10. Hámarksfjöldi keppenda er 80 bílar nema keppnishaldari ákveði meiri fjölda. Berist fleiri keppnisumsóknir þá munu þær valdar:
- 3.6.10.1. á grundvelli fyrri niðurstöðum og hvað þykir heppilegt.
- 3.6.10.1.1. tilnefningum til vara. Slíkar umsóknir geta komið í stað annarra sem hætta þannig að fjöldinn 80 náist. Umsóknir til vara verða númeraðar og valdar í númeraröð.

3.7. ÞÁTTTÖKUGJÖLD/TRYGGINGAR

3.7.1. Þátttökugjald er sem greinir í dagskrá keppninnar.

3.7.2. Með auglýsingum keppnisstjórnar á bifreiðinni.

3.7.3. Sé auglýsingum keppnisstjórnar hafnað hækkar þátttökugjaldið samkv. ákvörðun keppnisstjórnar.

3.7.4. Innifalið í þátttökugjaldi er keppnisgjald og skoðunargjald, tryggingar eru ekki hluti þess.

3.7.5. Þátttökugjöld fyrir lið eru sem hér segir nema reglur um liðakeppnir tiltaki annað.

3.7.5.1. 10.000.- Sem er árgjald og gildir keppnisárið nema mótshaldari (AKÍS) auglýsi annað.

3.7.6. Enginn keppandi fær að hefja keppni fyrr en hann hefur fyllilega gengið frá þátttökugjaldi við keppnisstjórn.

3.7.7. Tryggingar - VINSAMLEGA ATHUGIÐ

3.7.7.1. Samkvæmt íslenskum lögum er keppendum gert skylt að hafa tryggingu gagnvart þriðja aðila (ábyrgðartryggingu) og geta sannað að hún gildi fyrir þátttöku í keppninni, bæði á ferju- og sérleiðum. Hver keppandi þarf að geta sannað að trygging hans er gild meðan á keppni stendur.

3.7.7.2. Keppnishaldari tryggir aðeins starfsfólk sitt og þá í samræmi við lög og reglugerðir þær sem í gildi eru á hverjum tíma um akstursíþróttir.

3.7.7.3. Keppnisbifreiðar sem tryggðar eru af erlendum tryggingarfélagum verða að hafa tryggingu sem gild er á Íslandi. Staðfesting þessa efnis má vera í formi alþjóðlegs tryggingarskírteinis (græna kortið). Þessa staðfestingu eiga keppendur að geta fengið í sínu heimalandi og verður að koma þar fram að tryggingin gildi fyrir keppnina.

3.7.7.4. Keppnisstjórn hafnar ábyrgð á hvaða slysi eða óhappi sem keppendur og keppnisbifreiðin lenda í á meðan keppninni stendur. Keppnisstjórn hafnar einnig allri ábyrgð á brotum keppenda á íslenskum lögum og reglum samkvæmt tímatöflu keppninnar. Keppendur skulu sjálfir vera ábyrgir fyrir slysum, óhöppum eða lagabrotum sem þeir kunna að lenda í og skulu gefa keppnisstjórn yfirlýsingu um hvert það atvik sem ábyrgðarkrafa gæti komið fram vegna og skulu ekki geta kafið keppnisstjórn neitt vegna ákvarðana

keppnisstjórnar, starfsmanna, og/eða embættismanna keppninnar, á meðan keppninni stendur.

3.7.8. Ætlast er til af keppnisaðila og öikumönnum að þeir undirriti eftirfarandi yfirlýsingu. Verði brestur á þessu getur það leitt til þess að rásleyfi verði ekki veitt viðkomandi keppnisbifreið.

3.7.8.1. "Ég hef lesið keppnisreglurnar sem gefnar hafa verið út vegna keppni þessarar og samþykki að vera bundinn af þeim og af International Sporting Code sem FIA gefur út, svo og almennum reglum sem AKÍS gefur út.

Verði þátttökuumsókn mín tekin til greina og mér heimilt að taka þátt í þessari keppni, samþykki ég að halda, hverjum þeim sem keppnisstjórn hefur falið að kynna, auglýsa eða sjá um framkvæmd þessarar keppni eða starfsmenn, umboðsmenn og fulltrúa þeirra skaðlausum frá hvers konar málsókn kröfum og útgjöldum, deyi ég eða slasist, hvernig svo sem það gerist vegna þátttöku minnar í keppninni, sama þó ástæðuna megí reka til vanrækslu fyrrgreindra aðila.

Jafnframt lýsi ég því yfir með undirritun minni að keppnisbifreiðin sem skráð er til þátttöku á umsókn þessari er váttryggð í samræmi við íslensk umferðarlög og reglugerð um rallkeppnir og að váttrygging bifreiðarinnar sé í fullu gildi á meðan keppni stendur."

3.7.9. Þjónustu- og/eða aðstoðarbifreiðar, jafnvel þær sem merktar eru þjónustu/aðstoðarbifreiðamerkjum keppnisstjórnar, munu aldrei vera taldar formlegir þátttakendur í keppninni. Þær eru því undanþegnar öllum tryggingarákvæðum keppninnar sjálfrar og munu aðeins og eingöngu vera taldar á ábyrgð viðkomandi umráðamanns.

3.7.10. Allt þáttökugjaldið verður aðeins endurgreitt ef:

3.7.10.1. Keppanda er hafnað.

3.7.10.2. Fari keppni ekki fram eða henni frestað lengur en 48 klst.

3.7.11. Keppnisgjaldið verður aðeins endurgreitt ef:

3.7.11.1. Keppnisstjórn þyki sérstök ástæða til vegna ófyrirsjáanlegra ástæðna keppenda, endurgreitt að hálfu (50%).

3.7.11.2. Þeim áhöfnum sem keppnisstjórn ákveður að eigi að endurgreiða.

3.8. Liðakeppnir

- 3.8.1. Innan keppnistímabils þurfa að vera að lágmarki 2 áhafnir (bílar) í liði en að hámarki 3 áhafnir í liði. Í áhöfn hvers bíls má skipta um aðstoðarökumann og bíl.
- 3.8.2. Einungis er leyft að hafa einn bíl úr efstu flokkunum (GrN og ofar) sem telur stig hverju sinni. (er þetta gert til að jafna keppni þar sem eingöngu er keppt í heildarkeppninni.) Þó meiga vera fleiri en einn GrN (eða ofar) í liðinu.
- 3.8.3. Stigagjöf er eins og í Íslandsmótinu. Liðið fær þau stig sem ökumenn þeirra fá í keppninni þó fá þeir stig ökumanns á undan ef hann er ekki í liðakeppninni.
- 3.8.4. Tveir efstu í liðinu í keppninni telja til stiga.
- 3.8.5. Einungis er keppt í liðakeppni í heildarkeppninni
- 3.8.6. Ökumanni er óheimilt að telja stig í fleiri en einu liði yfir hvert keppnistímabil.
- 3.8.7. Bílar í gengi X telja stig í liðakeppni en ekki til Íslandsmeistara ökumanna.
- 3.8.8. Nöfn liða skulu vera í samræmi við Íslenskar auglýsingareglur og með fullu velsæmi. Framleiðanda og einkainnflytjanda bifreiðategundar er einum heimilt að nota nafn tegundarinnar sem nafn á liði. Skulu þá allar bifreiðarnar verra af sömu tegund (þó ekki nauðsynlega sömu gerðar eða árgerðar).
- 3.8.9. Verðlaun fyrir liðakeppni verða aðeins veitt séu lið þrjú eða fleiri.
- 3.8.10. Sé einum bíl í liði vísað úr keppni vegna brota á reglum geta hinir í liðinu ekki unnið stig í liðakeppni.

3.9. BREYTINGAR - TÚLKUN

- 3.9.1. Keppnisstjórn og dómnefnd áskilja sér rétt til að leiðrétta eða bæta við ákvæði í gildandi reglum, í samræmi við greinar 66 og 141 í lögbók FIA, sjá http://www.fia.com/sites/default/files/regulation/file/2012-12-07-Code%20Sportif%20International%20%28FR-EN%29-mode%20r%C3%A9vision_0.pdf . Þátttakendum mun þegar verða tilkynnt um allar breytingar komi sú staða upp.
- 3.9.2. Allar leiðréttingar og viðbætur við reglurnar munu verða tilkynntar í dagsettum og tölusettum upplýsingaskýrslum sem upp frá því verða hluti núverandi reglna. Þessar upplýsingaskýrslur verða birtar á upplýsingatöflu keppninnar auk þess sem þeim verður dreift eins fljótt og kostur er beint til keppenda, sem verða að staðfesta móttöku þeirra með undirskrift sinni, nema að þetta sé ógerlegt á meðan sjálfri keppninni stendur.

- 3.9.3. Keppnisstjóri er ábyrgur fyrir því að beita þessum reglum og viðaukum þeirra á meðan keppni stendur. Þó svo sé, þá verður hann að tilkynna dómnefnd frá öllum mikilvægum ákvörðunum sem hann hefur tekið við túlkun þessara reglna eða viðauka þeirra.
- 3.9.4. Dómnefnd keppninnar hafur vald til þess að taka ákvörðun í hverju því sem ekki er tiltekið í gildandi reglum og skera úr vafaatriðum og ágreiningi sem upp kann að koma (samanber grein 171 í lögbók FIA), sjá http://www.fia.com/sites/default/files/regulation/file/2012-12-07-Code%20Sportif%20International%20%28FR-EN%29-mode%20r%C3%A9vision_0.pdf
- 3.9.5. Eins, í hverju því tilviki sem upp kann að koma og ekki er tekið á í gildandi reglum skal dómnefnd fjalla um það og hún ein hafa ákvörðunarvald (samanber grein 141 í lögbók FIA), sjá http://www.fia.com/sites/default/files/regulation/file/2012-12-07-Code%20Sportif%20International%20%28FR-EN%29-mode%20r%C3%A9vision_0.pdf.
- 3.9.6. Til nákvæmrar skilgreiningar á texta þessara reglna mun eftirfarandi gilda:
- 3.9.6.1. “keppandi” er notað bæði um menn og lagalega stöðu (fyrirtæki);
- 3.9.6.2. “áhöfn”, ökumaður eða aðstoðarökumaður.
- 3.9.6.3. „Lið“ / „Keppnislið“ er það lið sem áhöfn og keppandi tilheyra.
- 3.9.7. Ökumaður gegnir skyldum keppenda þegar sá síðarnefndi er ekki um borð í keppnisbifreiðinni.
- 3.9.8. Sérhver röng, sviksamleg eða óíþróttamannsleg hegðun af hendi keppenda eða áhafnar mun verða dæmd af dómnefnd keppninnar sem má refsa viðkomandi, jafnvel með brottrekstri úr keppni.

4. SKYLDUR KEPPENDA

4.1. ÁHÖFN

- 4.1.1. Aðeins áhöfn sem samanstendur af tveim persónum er heimil ræsing.
- 4.1.2. Áhöfninni skal skipt í ökumann og aðstoðarökumann.
- 4.1.3. Aðstoðarökumanni er aðeins heimilt að aka bifreiðinni á ferjuleiðum.

4.1.4. Full áhöfn verður að vera í bifreiðinni allan tímann meðan á keppni stendur, nema í þeim tilvikum sem tilgreind eru í reglum þessum. Hætti annar úr áhöfninni eða fleiri en áhöfn eru í bifreiðinni (nema í neyðartilvikum) munu leiða til brottvísunar úr keppni.

4.1.5. Keppnisstjórn er heimilt að útbúa sérstakt spjald, sem litið verður á sem 'einkennisspjald', þar sem eru nýlegar myndir (40x40mm) og undirskrift beggja ökumanna og allar nauðsynlegar upplýsingar um bifreiðina, verður að vera um borð í bifreiðinni alla keppnina og verður að vera sýnt sé opinberlega farið fram á það. Neitun leiðir til brottvísunar úr keppni.

4.1.6. Áhöfn keppnisbifreiðar skal hafa öryggisbeltin spennt allan tímann sem bifreiðin er á ferð að viðlagðri brottvísun úr keppni.

4.1.7. Eftir að leiðalýsing keppni hefur verið gefin út er akstur keppnisbifreiða á sérleiðum keppninnar bannaður, að viðlagðri brottvísun úr keppni, nema að slíkur akstur sé hluti af keppni samþykkt af AKÍS

4.1.8. Áhöfn skal vera meðvituð um að hún er „andlit“ íþróttarinnar út á við og þar með:

4.1.8.1. Haga skrifum á samfélagsmiðlum merktum keppnisliði á þann veg að virðing íþróttarinnar líði ekki fyrir það. Fréttir af skemmtanahaldi eiga lítið erindi á slíkum stöðum.

4.1.8.2. Huga að útliti keppnisbíls, liðs og áhafnar. Einkum þegar kemur að myndatökum eða þegar keppendur/lið eru staddir á stöðum þar sem myndatökur eru viðbúnaðar s.b.r. verðlaunaafhendingar eða sjónvarpsviðtöl.

4.1.8.3. Engin viðurlög eru við þessari grein nema keppnishaldari gefi annað út í Dagskrá. Dómsnefnd er samt heimilt að veita áminningar sem geta leitt til refsingar sem dómsnefnd ákveður.

4.1.8.4. Slíka refsingu skal þó einungis veita ef um ítrekuð brot er að ræða.

4.2. RÁSRÖÐ - KEPPNISMERKI - NÚMER

4.2.1. Rásröð ákveðin af keppnisstjórn verður birt samkvæmt dagskrá keppninnar.

4.2.2. Keppnisstjórn er heimilt að breyta upphaflegri rásröð af öryggisástæðum.

4.2.3. Upphafleg rásröð skal óbreytt þangað til að minnsta kosti 10% af sérleiðum hafa verið eknar.

- 4.2.4. Rásröðin mun þá verða gefin samkvæmt útkomu síðasta áfanga. (Sé þetta ekki hægt á þeim tíma sem til umráða er, verður ný rásröð sú sama og keppendur komu út af síðasta áfanga).
- 4.2.5. Keppnisstjóra, og eða dómnefnd, er heimilt að breyta rásröð meðan á keppni stendur.
- 4.2.6. Stjórnendur munu afhenda hverri áhöfn eftirtaldar keppnismerkingar:
- 4.2.6.1. Rásnúmer.
 - 4.2.6.2. Aðrar merkingar s.b.r. styrktaraðili keppninnar eða endurskinsmerki.
 - 4.2.6.3. Aðrar merkingar sem tilgreindar eru á upplýsingatöflu keppninnar.
- 4.2.7. Merki keppninnar og keppnisnúmer sem stjórnendur leggja til, VERÐUR að setja á aftari hliðarrúður, neðanvert í afturglugga og á báðar framhurðir og VERÐA að vera heil, ekki skorin, klippt eða á annan hátt aflöguð á meðan keppni stendur nema með leyfi skoðunarmanns.
- 4.2.8. Merki keppninnar sem er framan á vélarhlíf má undir engum kringumstæðum hylja neitt af skráningarnúmerum bifreiðarinnar. Brot á þessu skal refsað með fjársekt.
- 4.2.9. Keppnisnúmer þau sem stjórnendur leggja til, verða að vera að minnsta kosti á báðum hliðum keppnisbifreiðarinnar meðan á keppni stendur.
- 4.2.10. Sé það staðfest einhverntíma meðan á keppni stendur að:
- 4.2.10.1. einhver merki keppninnar eða keppnisnúmer vanti, verður viðkomandi sektaður (sjá grein 6.3).
 - 4.2.10.2. vanti tvö merki keppninnar eða keppnisnúmer á sömu stundu, má vísa viðkomandi úr keppni (sjá grein 6.3).
- 4.2.11. Raðnúmer bílsins og vélarinnar má ekki fjarlægja eða má út meðan á keppni stendur né heldur önnur auðkenni er keppnisstjórn kynni að setja á/í bifreiðina að viðlagðri brottvísun úr keppni. Keppnisstjórn getur vegna brots á ofanrituðu beðið landssamband viðkomandi keppanda að leggja á keppandann enn frekari refsingar.
- 4.2.12. Nöfn ökumanns og aðstoðarökumanns ásamt þjóðfánum þeirra verður að vera á báðum hliðum. Hver sem ekki uppfyllir þetta skilyrði kann að verða beittur fjársektum.

4.3. Tímabók

- 4.3.1. Í upphafi keppni fá keppendur í hendur tímabók þar sem fram kemur sá tími sem gefinn er til að fara vegalengd leiðarhluta og þar með milli tveggja tímavarðstöðva. Þessi bók er afhent við komu á tímavarðstöð í upphafi keppni eða áfanga þar sem tímavörður skráir tíma.
- 4.3.2. Áhöfn bílsins er algerlega ábyrgð á tímabókinni á milli tímavarðstöðva og skal hún sjálf afhenda hana tímaverði að viðlagðri brottvísun.
- 4.3.3. Allar breytingar á tímabókum leiða til brottvísunar úr keppni, nema þær séu undirritaðar af tímaverði. Vanti tíma eða aðrar upplýsingar eða undirskriftir í tímabókina getur það varðað brottvísun úr keppni.
- 4.3.4. Keppendur skulu sjálfir færa inn rásnúmer bifreiðar sinnar í tímabókina. Vöntun á rásnúmerum getur varðað brottvísun úr keppni.
- 4.3.5. Keppendur skulu ávallt undirrita tímabók áður en þeir afhenda hana. Vöntun á undirskriftum getur varðað brottvísun úr keppni.
- 4.3.6. Leiðabók eða leiðarlýsing, er keppendur fá í hendur lýsir akstursleið keppninnar.

4.4. UMFERÐ

- 4.4.1. Keppendur skulu á meðan á keppni stendur hlýta íslenskum umferðalögum og reglum
- 4.4.2. Keppandi sem brýtur umferðarlög eða reglur skal stöðvaður af lögreglu eða starfsmönnum keppninnar, sem sáu brotið og honum tilkynnt það, á sama hátt og um væri að ræða venjulegan ökumann í umferðinni.
 - 4.4.2.1. Ákveði lögregla að stöðva ekki ökumann sem brotið hefur af sér, mega þeir samt sem áður fara fram á refsingu samkvæmt reglum þessum á eftirfarandi hátt:
 - 4.4.2.1.1. Með því að tilkynna brotið opinberlega og skriflega áður en rásröð næsta áfanga er formlega tilkynnt samkvæmt dagskrá;
 - 4.4.2.1.2. Að opinberar skýrslur séu það nákvæmar að þær sanni án nokkurs vafa hvaða ökumaður átti í hlut og að auki séu staðsetning brotsins og tímasetning þess nákvæm;

- 4.4.2.1.3. Að ekki sé hægt að túlka á mismunandi hátt sannanirnar.
- 4.4.3. Meðan á viðgerð stendur ber keppendum og þjónustuliði að koma bifreiðum sínum þannig fyrir að ekki skapist hætta eða hindrun fyrir aðra vegfarendur.
- 4.4.4. Á viðgerðarsvæðum skal setja dúk undir keppnisbílinn meðan á viðgerð stendur.
- 4.4.5. Viðgerðir á keppnisbifreiðum eru heimilar hvar sem er í keppninni nema annars sé sérstaklega getið í reglum þessum og leiðabók eða dagskrá keppinnar.
- 4.4.5.1. Keppnishaldara er heimilt að tilgreina svæði sem viðgerðir meiga ekki eiga sér stað á.
- 4.4.5.2. Keppnishaldari má tilgreina hvaða refsing hlýst af broti á þeirri reglu.
- 4.4.5.3. Ef keppnishaldari gefur ekki út hvaða refsingar eiga við skal refsing ákveðin af dómnefnd.
- 4.4.6. Engan keppnisbíl má hreyfa meðan á keppni stendur öðruvísi en fyrir eigin vélaraflí að viðlagðri brottvísun nema:
- 4.4.6.1. Með ferju á vegum keppnisstjórnar;
- 4.4.6.2. Með utanaðkomandi hjálp, minnstu hugsanlegu vegalengd er nægi til að losa keppnisbíl úr festu eða rétta hann við;
- 4.4.6.3. Með þyngdaraflí;
- 4.4.6.4. Af áhöfn keppnisbílsins;
- 4.4.6.5. Með leyfi stjórnenda keppinnar.
- 4.4.7. Sannist að keppendur hindri aðra keppendur í að aka framúr, loki leiðum fyrir öðrum keppendum að yfirlögðu ráði, eða torveldi með einum eða öðrum hætti framgang annarra keppenda getur það varðað brottvísun úr keppni. Sama á við um aðra óíþróttamannslega hegðun.
- 4.4.8. Geti hluti keppenda ekki lokið sérleið vegna þess að annar keppandi lokar leiðinni og sannanlega hefur ekki verið hægt að opna leiðina þá skulu þeir keppendur sem ekki ljúka leiðinni fá gefinn tíma (s.b.r. 5.9). Sá keppandi sem lokar leiðinni skal ávallt fá fulla refsingu samkvæmt tímabók.

4.4.9. Verði keppendur fyrir umtalsverðum tölum af þeirri ástæðu að sérleið sé ekki fær fyrir eðlilega útbúinn keppnisbíl skal fella sérleiðina niður. Keppnisstjórn skal aldrei senda keppnisbifreiðar á sérleið nema að hún sé greiðfær.

4.4.10. Verði aðstoðarbifreið keppanda uppvís að of hröðum akstri samkvæmt mælingu lögreglu, skal viðkomandi keppanda refsað sem hér segir:

4.4.10.1. Eina (1) mín. í refsingu fyrir hvern byrjaðan km/klst. fari mældur hraði yfir tuttugu (20) km/klst. yfir lögboðinn hámarkshraða viðkomandi vegar. Refsing þessi skal leggjast við refsingu ferjuleiða viðkomandi áfanga. Regla þessi gildir frá því keppni hefst og þar til lokaúrslit hafa verið birt.

4.4.11. Allur akstur utan vega er bannaður að viðlagðri brottvísun úr keppni. Lokist sérleið af öðrum keppnisbíl er þó heimilt að fara utan vegar stystu mögulega vegalengd til að komast framhjá hindrun enda tilkynni hlutaðeigandi keppnisstjórn atvikið svo hægt sé að bæta skemmdir á gróðri. Keppendur og aðstoðarmenn þeirra skulu taka eftir sig allt rusl þar sem viðgerðir eða aðrar athafnir þeirra eiga sér stað, ella sæta sektum ákveðnum af keppnishaldara.

4.5. SKRÁSETNINGAMERKI/AUGLÝSINGAR

4.5.1. Keppendum er heimilt að setja á bíla sína hvaða auglýsingar sem er að því tilskyldu að þær:

4.5.1.1. Samrýmist íslenskum lögum og reglum FIA um auglýsingar.

4.5.1.2. Innihaldi ekki móðgandi efni og stangist ekki á við almennt velsæmi.

4.5.1.3. Þrengi ekki að rásnúmerum.

4.5.1.4. Trufli ekki útsýni keppenda eða skapi að öðru leiti hættu.

4.5.2. Hver sú keppnisbifreið sem ekki uppfyllir skilyrði í grein 4.5.1 mun ekki verða veitt rásleyfi.

5. KEPPNIN

5.1. RÆSING

- 5.1.1. Keppnisbifreiðar verða ræstir með einnar mínútu millibili samkvæmt nánari lýsingu í tímatöflu keppinnar. Keppnisstjórn er heimilt að auka eða minnka bil milli bíla á leiðum ef ástæða þykir til. Nákvæmur tími ræsingar kemur fram í tímabók.
- 5.1.2. Við upphaf keppni, áfanga eða hluta verður seinni mætingu, sem er sök áhafnar, refstað með einni (1) mínútu fyrir hverja mínútu sem komið er seint. Áhöfn sem kemur meira en tíu (10) mínútum of seint, er vikið úr keppni.
- 5.1.3. Þar sem áhafnir hafa tíu (10) mínútur til þess að koma inn í upphafi keppni, áfanga eða hluta, þá mun réttur rástími skrást á tímakortið, komi áhöfnin innan þessara tíu mínútna. Tímabil milli keppnisbifreiða verður að halda.
- 5.1.4. Keppendur skulu koma á tímavarðstöðvar í þeirri röð sem þær eru í leiðabók/leiðarlýsingu og í tímabók að viðlagðri brottvísun úr keppni.
- 5.1.5. Uppgefinn aksturstími (marktími) fyrir vegalengdina milli tveggja tímavarðstöðva er gefinn í tímabók í heilum mínútum.
- 5.1.6. Færsla tímavarða í tímabækur er gerð í 24 stunda kerfi, klukkustund, mínútur. og sekúndur, 00:00:00 - 23:59:59.
- 5.1.7. Keppendur sem falla úr keppni skulu tilkynna það keppnisstjórn eins fljótt og auðið er og afhenda fulltrúa keppnisstjórnar tímabók sína.

5.2. STÖÐVAR - ALMENNT

- 5.2.1. Allar stöðvar, það er, leiðarvarðstöðvar, tímavarðstöðvar, upphaf og endir sérleiða, endurskipun og hlutlaus svæði verða merkt viðurkenndum FIA merkingum.
- 5.2.2. Tímastöðvar

6.

6.1.1.1. Skýringamynd:

- 6.1.1.2. Leiðarvarðstöð. Upphaf stöðvarsvæðis er merkt með viðvörunarskilti á gulum grunni. Um það bil tuttugu og fimm (25) metrum þar frá er tímataka merkt með samskonar skilti með rauðum grunni. Endir stöðvarsvæðis, um

það bil fimmtíu (50) metrum frá tímaskráningu, er merkt með gulu merki með þrem svörtum skástrikum.

6.1.1.3. Tímavarðstöð. Upphaf stöðvarsvæðis er merkt með gulri klukku. Um það bil tuttuguogfimm (25) metrum þar frá er tímataka merkt með samskonar skilti með rauðum grunni. Endir stöðvarsvæðis, um það bil fimmtíu (50) metrum frá tímaskráningu, er merkt með gulu merki með þrem svörtum skástrikum.

6.1.1.4. Tímavarðstöð, byrjun sérleiðar. Upphaf stöðvarsvæðis er merkt með klukku á gulum grunni. Um það bil tuttugu og fimm (25) metrum þar frá er tímataka merkt með samskonar skilti með rauðum grunni. Svo kemur rautt flagg í hæfilegri fjarlægð (ræsing) Endir stöðvarsvæðis, um það bil fimmtíu (50) metrum þaðan, er merkt með gulu merki með þrem svörtum skástrikum.

6.1.1.5. Lok sérleiðar. Upphaf svæðis. Gult flagg, ca 100m frá er rautt flagg, (flaggað út), næst bremsukaflí ca 100 – 300m er rautt STOP merki þar sem tímaverðir skrá tíma í tímabækur. Um það bil fimmtíu (50) metrum frá tímaskráningu, er merkt með gulu merki með þrem svörtum skástrikum.

6.1.2. Öll stöðvarsvæði (það er frá fyrstu gula aðvörunarskiltinu og að gula merkinu með skástrikunum eru bannsvæði (Parc Fermé). Þar er keppendum með öllu óheimilt að viðlagðri brottvísun úr keppni að gera við, hella á bensíni eða fá aðstoð í nokkurri mynd á svæðinu milli þessara skilta (sjá grein 5.6.).

6.1.3. Tíminn sem varið er innan ofantalinna marka skal ekki vera lengri en nauðsynlegur er til athafna á stöðinni.

6.1.4. Stranglega er bannað að viðlagðri brottvísun úr keppni að:

6.1.4.1. Koma inn á stöð úr annarri átt en segir í leiðabók.

6.1.4.2. Fara í gegnum eða inn í stöð sem áður hefur verið farið um.

6.1.5. Áhöfn má bera sig saman við klukku tímavarðar á tímavarðastöð. Hins vegar geta keppendur engar aðrar upplýsingar fengið um áætlaðan komutíma þar sem hann er á ábyrgð keppenda.

6.1.6. Tímavarðstöðvar verða starfhæfar að minnsta kosti fimmtán (15) mínútum fyrir áætlaðan komutíma fyrsta bíls. Þær munu leggja niður störf í fyrsta lagi þrjátíu (30) mínútum eftir mesta áætlaðan tíma síðustu bifreiðar, eða samkvæmt upplýsingum eftirfara.

- 6.1.7. Keppendum er skylt að fylgja fyrirmælum starfsmanna á öllum stöðvum. Dórnefnd keppinnar er heimilt að vísa keppanda úr keppni vegna brots á fyrirmælum þessum.

6.2. LEIÐAVARÐSTÖÐVAR

- 6.2.1. Á leiðarvarðstöðvum munu starfsmenn tímavarðstöðvarinnar aðeins stimpla í tímabókina um leið og hún er afhent af áhöfninni, án þess að skrá niður tíma í hana.

6.3. TÍMAVARÐSTÖÐVAR

- 6.3.1. Á tímavarðstöðvum munu starfsmenn tímavarðstöðvarinnar skrá í tímabók tímann sem bókin var rétt til þeirra.

6.4. Innkoma á tímavarðstöð

- 6.4.1. Innkoma á tímavarðstöð byrjar um leið og keppnisbifreiðin fer fram hjá upphafsskilti á tímavarðstöðinni
- 6.4.2. Milli upphafsskiltisins og tímavarðstöðvarinnar má áhöfnin ekki stöðva eða aka með óeðlilega hægum hraða.
- 6.4.3. Skráning tíma í tímabók getur aðeins farið fram séu báðir áhafnar meðlimir og keppnisbifreiðin inni á stöðvunarsvæðinu og í næsta námunda við vinnuborð tímavarða nema starfsmaður keppinnar ákveði annað.
- 6.4.4. Innkoman miðast við þann tíma sem einn af áhöfninni afhendir starfsmanni tímavarðstöðvarinnar tímabókina.
- 6.4.5. Þá, annað hvort með eigin hendi eða aðstoð prentara, færir starfsmaður tímavarðstöðvarinnar aðeins raunverulegan tíma sem tímabókin var afhent inn á.
- 6.4.6. Marktími komu er fenginn með því að bæta tímanum sem ætlaður var til að ljúka ferjuleiðinni við tímann sem var er farið var inn á hana, en báðir eru tímarnir í heilum mínútum.
- 6.4.7. Áhöfn verður ekki refsað fyrir að koma of fljótt inn ef keppnisbifreiðin fer inn í stöðvunarsvæðið á marktíma mínútunni eða á mínútunni á undan.

6.4.8. Áhöfn verður ekki refsað fyrir að vera of fljót eða sein, afhendi hún starfsmanni tímavarðstöðvarinnar tímabókina á marktímamínúttunni.

6.4.8.1. Dæmi: Áhöfn sem koma á inn á tímavarðstöð kl. 18.58 er álitin á réttum tíma eigi innritun þar sér stað milli kl. 18.58:00" og kl. 18.58:59.

6.4.9. Munur milli raunverulegs innritunartíma og marktíma komu verður refsað sem hér segir:

6.4.9.1. koma of seint inn: Tíu (10) sekúndur fyrir hverja mínútu eða byrjun mínútu;

6.4.9.2. koma of fljótt inn: Tuttugu (20) sekúndur fyrir hverja mínútu eða byrjun mínútu.

6.4.10. Á síðustu tímavarðstöðvum hvers dags, hluta eða áfanga keppinnar, er áhöfn heimilt að koma of fljótt inn án þess að hljóta refsingu.

6.4.11. Að síðustu, komi í ljós að áhöfn hafi ekki farið eftir reglum um innritun á tímavarðstöð í samræmi við það sem sagt hér að ofan (sérstaklega ef komið er inn á tímavarðstöðina meira en einni mínútu fyrir marktíma), ber yfirmanni tímavarðstöðvarinnar að skila inn skýrslu um atvikið til keppisstjóra.

6.4.12. Tími við brottför frá tímavarðstöð

6.4.12.1. Byrji næsta ferjuleið ekki á sérleið, þá er innritunartíminn sem skráður er á tímakortið bæði komutími inn á tímavarðstöðina af síðustu ferjuleið og um leið brottfarartími fyrir næstu ferjuleið.

6.4.12.2. Afur á móti, þegar fylgir byrjun á sérleið þá mun eftirfarandi gilda:

6.4.12.2.1. Þessar stöðvar eru eitt stöðvunarsvæði og merki skulu vera s.k.v. lýsingu: (sjá grein 5.2.2.3)

6.4.13. Á tímavarðstöðinni við lok ferjuleiðar skráir starfsmaður tímavarðstöðvarinnar í tímabók áhafnar komutímann annars vegar, og hins vegar áætlaðan rástíma inn á næstu sérleið. Milli þessara tveggja tíma skulu vera að minnsta kosti þrjár (3) mínútur til á áhöfnin fái tíma til að undirbúa ræsinguna.

6.4.14. Strax að lokinni skráningu komutíma mun áhöfnin fara að byrjun sérleiðar. Tímavörðurinn sem sér um þessa stöð skráir raunverulegann rástíma ef um breytingu er að ræða frá áætluðum rástíma inn á leiðarhlutann. Hann mun síðan ræsa áhöfnina samkvæmt því sem skilgreint er í reglum þessum (sjá grein 5.1)

6.4.15. Komi eitthvað fyrir og mismunur sé á milli þessara tveggja áðurnefndra tíma, þá mun rástími inn á sérleiðina vera sá sem gildir, nema dómnefnd ákveði annað.

6.5. BROTTVÍSUN ÚR KEPPNI

6.5.1. Sérhver seinkun yfir fimmtán (15) mínútur yfir mark tíma milli tveggja tímavarðstöðva, eða heildarseinkun sem meiri en fimmtán (15) mínútur við enda hvers hluta eða áfanga af keppninni, eða heildarseinkun sem er meiri en fjórutíu og fimm (45) mínútur mun leiða til brottvísunar úr keppni.

6.5.2. Undir engum kringumstæðum mun það að koma of snemma inn á tímavarðstöðs teljast til frádráttar refsingar sem leiðir til brottvísunar. Þá skulu refsingar fyrir að koma of snemma inn á tímavarðstöð af ferjuleið ekki taldar með til refsinga sem leiða til brottvísunar úr keppni.

6.5.3. Dæmi:

7. 5.6.3.1 Ferjuleið A: Ræsing kl. 12.00 - marktími 60mín. - komutími á tímavarðstöð kl. 13.10.
8. 5.6.3.2 Refsing fyrir að mæta of seint = $10\text{mínútur} \cdot 10\text{sekúndur} = 100\text{sekúndur}$.
9. 5.6.3.3 Refsing til brottvísunar = 10mínútur.
10. 5.6.3.4 Ferjuleið B: Marktími 90mín - komutími á tímavarðstöð kl. 14.20.
11. 5.6.3.5 Refsing fyrir að koma of snemma = $20\text{mínútur} \cdot 20\text{sekúndur} = 400\text{sekúndur}$.
12. 5.6.3.6 Refsing til brottvísunar = 0mínútur.
13. 5.6.3.7 Ferjuleið C: Marktími 120mín - komutími á tímavarðstöð kl. 16.30.
14. 5.6.3.8 Refsing fyrir að mæta of seint = $10\text{mínútur} \text{ að auki} \cdot 10\text{sekúndur} = 100\text{sekúndur}$.
15. 5.6.3.9 Refsing til brottvísunar = 10mínútur.
16. 5.6.3.10 SAMTALS FYRIR FERJULEIÐIR A + B + C:
17. 5.6.3.11 Samtals refsing (fyrir að mæta of seint og of snemma): $100 + 400 + 100 = 600$ seconds.
18. 5.6.3.12 Samtals refsing til brottvísunar: $10 + 0 + 10 = 20\text{mínútur}$.

19. 5.6.3.12.1 Refsing sem leiðir til brottvísunar má hvenær sem er vera aukin af dómnefnd að tillögu keppnisstjóra. Viðkomandi áhafnir verða látnar vita af þessari ákvörðun hið fyrsta.

20. 5.6.3.12.2 Brottvísun úr keppni vegna refsingar fyrir að mæta of seint á tímavarðstöðvar mun aðeins tilkynnt við lok áfanga eða hluta.

20.1. ENDURSKIPUNARSTÖÐVAR

20.1.1. Keppnisstjórn getur sett upp endurskipunarstöðvar á leiðinni. Farið er með innkomu og brottför í þær og úr, eftir almennum reglum um komu og brottför frá tímavarðstöð. (sjá greinar 5.2.2.2)

20.1.1.1. Hlutverk þessara stöðva er að minnka eða auka bil milli keppenda, til dæmis vegna seinkunar einstakra keppenda og/eða þeirra sem fallið hafa úr keppni. Því er brottfarartími úr endurskipunarstöðinni það sem skiptir máli, ekki tímalengdin þar.

20.1.1.2. Dæmi:

20.1.1.2.1. 120 bifreiðar hefja keppni;

20.1.1.2.2. Fyrsta endurröðun í 4 klst;

20.1.1.2.3. Brottfarartími frá endurröðunarstöðinni: kl. 12.01

20.1.1.2.4. Áætlaður komutími bifreiðar nr. 1 á endurröðunarstöðina kl. 8.01;

20.1.1.2.5. Áætlaður komutími bifreiðar nr. 120 á endurröðunarstöðina kl. 10.00;

20.1.1.2.6. Raunverur komutími bifreiðar nr. 1 á endurröðunarstöðina kl. 8.45;

20.1.1.2.7. Raunverulegur komutími bifreiðar nr. 120 á endurröðunarstöðina kl. 11.50;

20.1.1.2.8. Brottfarartími fyrir bifreið nr. 1 kl. 12.01;

20.1.1.2.9. Brottfarartími fyrir bifreið nr. 120 kl. 12.01;

20.1.1.2.10. Tími sem bifreiðar hafa stöðvað er því:

20.1.1.2.11. 3klst 16mín fyrir bifreið nr. 1;

20.1.1.2.12. 1klst 10mín fyrir bifreið nr. 120.

20.1.2. Þegar komið er í þessar endurröðunarstöðvar afhendir áhöfnin starfsmanni hennar tímabók. Áhöfnin fær svo upplýsingar um brottfarartíma. Bifreiðinni verður að aka strax beint í Parc Fermé (sjá grein 5.10.). Keppnisstjórn mun skrá nýjan tíma í tímabók annaðhvort við innkomu eða brottför úr Parc Fermé.

20.1.3. Svo fremi það sé unnt, þá mun ný rásröð verða samkvæmt almennum úrslitum þegar komið var í endurröðun.

20.1.4. Annars munu bifreiðar ræstar í þeirri röð sem þær komu í. Undir engum kringumstæðum má aðeins taka tillit til tíma á sérleiðum þegar verið er að komast að niðurstöðu um almenn úrslit, heldur verður ávallt að taka aðrar refsingar með í dæmið.

20.1.5. Keppnisstjóri, og eða dómnefnd hefur einnig heimild til að ákvarða rásröð.

20.2. SÉRLEIÐIR

20.2.1. Sérleiðir eru hraðaprófanir á vegum sérstaklega lokuðum meðan á keppni stendur.

20.2.2. Meðan á akstri sérleiða stendur verður áhöfn keppnisbílsins að hafa öryggishjálmm og öryggisbelti spennt að viðlagðri brottvísun úr keppni.

20.2.3. Keppendum er bannað að snúa við á sérleiðum og/eða aka þær í öfuga átt að viðlagðri brottvísun úr keppni.

20.2.4. Ræsing inn á sérleið fer fram úr kyrrstöðu. Vél keppnisbifreiðar skal vera í gangi á ráslínu.

20.2.5. Sérleiðir munu byrja þannig:

20.2.5.1. Þegar keppnisbifreiðin með áhöfninni innanborðs hefur stöðvað við ráslíununa inn á sérleiðina, mun starfsmaður þar staðfesta rástímann sem gefinn er upp fyrir keppnisbifreiðina (klukkustundir og mínútur). Að þessu loknu verður byrjað að telja niður, upphátt 30sekúndur - 15sekúndur - 10sekúndur - og síðustu 5 sekúndurnar eina og eina í einu.

20.2.5.2. Þegar rástími er kominn og rásmerki gefið verður keppnisbifreiðin tafarlaust að fara af stað.

20.2.6. Aðeins yfirmaður tímavarðstöðvarinnar má fresta rástíma inn á sérleið frá uppgefnum tíma í tímaáætlun keppninnar og aðeins í 'force majeure' tilvikum.

- 20.2.7. Komi áhöfn of seint til ræsingar á sérleið, mun tímavörður skrá nýjan rástíma í tímabókina. Seinkunin mun reiknuð sem seinkun á ferjuleið.
- 20.2.8. Röngu starti, þó sérstaklega þjófstarti á sérleið mun refsað með einni (1) mínútu. Þetta útilokar þó ekki þyngri refsingar af hálfu dómnefndar, sérstaklega við ítrekuð brot.
- 20.2.9. Sérleiðir enda á fljúgandi endamarki (flying finish). Það að stöðva milli gula viðvörðunarskiltisins og stöðvunarskiltisins er bannað, að viðlagðri brottvísun úr keppni. Tímataka mun eiga sér stað á endamarkslínunni með prenttækjum þar sem það er hægt, en ávallt þó með skeiðklukkur til vara, prentun ekki skylda.
- 20.2.10. Um eitt til þrjúhundrað (100-300) metra frá endamarkslínunni stöðvar áhöfnin við tímavarðstöð (Stop Point) gefin til kynna með rauðu 'STOP' merki þar sem tíminn á sérleiðinni er færður inn á tímakortið. (Klukkustund, mínúta og sekúndur) Takist tímavörðum ekki að koma upplýsingum um tíma á sérleiðinni til starfsmanns tímavarðstöðvarinnar strax, mun starfsmaðurinn aðeins staðfesta komu áhafnarinnar á tímavarðstöðina og afhenda síðan tímakortið, en tíminn mun færður inn við næstu endurröðun.
- 20.2.11. Við sérstakar aðstæður er keppnisstjórn þó heimilt að láta sérleið ljúka með „Stop in box“, stoppa í ramma. Slíkt skal kynnt í leiðarlýsingu og skal kynna það sérstaklega þar sem um unantekningartilvik er að ræða. Komutími af sérleið telst þá vera þegar bifreið hefur stöðvað inni í þeim ramma sem markar STOP svæðið.
- 20.2.12. Beri áhöfn ábyrgð á því að ekki er unnt að færa tíma inn á tímakortið, munu eftirfarandi refsingar gilda:
- 20.2.12.1. við upphaf: brottvísun;
- 20.2.12.2. við 'STOP' skiltið (Stop Point): fimm (5) mínútna refsing.
- 20.2.13. Tímar á sérleiðum, í klukkustundum, mínútum og sekúndum, munu lagðir saman við aðrar refsingar: ferjuleiða, tæknilegar o.s.frv. settar fram á tímaformi.
- 20.2.14. Á sérleiðum er aðstoð leyfð, en má, undir engum kringumstæðum, valda hindrun fyrir aðra keppendur og bannað er að skipta um gang af dekkjum.
- 20.2.15. Þjónustubifreiðar, stjórnþjónbifreiðar, stoðþjónbifreiðar og neyðarþjónustu bifreiðar er ekki heimilt að fara inn á sérleið eða almenna vegi sem eru á mörkunum fyrr en

eftirfari hefur opnað sérleiðina. Brot á þessari reglu mun leiða til brottvísunar úr keppni fyrir þá áhöfn sem ábyrgð ber á viðkomandi bifreið.

20.2.16. Bil milli keppnisbifreiða á sérleiðum mun það sama og það sem ákveðið er við upphaf hvers áfanga (sjá grein 5.1.1).

20.2.17. Hver sú áhöfn sem neitar ræsingu inná sérleið á þeim tíma og stað sem áður hefur verið ákveðið mun refsast af dómnefnd með að minnsta kosti tíu (10) mínútna refsingu, eða allt að brottvísun úr keppni og þá samkvæmt ósk keppnisstjóra óháð því hvort sérleið er ekin eður ei.

20.2.18. Hver sú áhöfn sem ekki er kleift að yfirgefa ráslínu innan þeirra tuttugu (20) sekúndna eftir að ræsing hefur verið heimiluð skal ýtt til hliðar til að hreinsa ráslínu og tafarlaust vikið úr keppni.

20.3. Truflun á akstri sérleiðar

20.3.1. Þegar akstur um sérleið verður að hætta, hver svo sem ástæðan er, áður en síðasti keppandinn fer um hana, er samt möguleiki að fá úrslit á þeirri sérleið til notkunar við heildarúrslit, með því að ákveða hverjum keppenda sem ekki gat lokið við sérleiðina vegna truflunarinnar, lakasta tíma sem fram var kominn áður en truflunin átti sér stað.

20.3.2. Þessi úrslit má nota, jafnvel þó svo að aðeins einn keppandi hafi getað lokið við sérleiðina undir eðlilegum keppnisaðstæðum.

20.3.3. Aðeins dómnefnd má ákveða þetta eftir að hafa fengið skýringu keppnisstjóra hví truflunin átti sér stað.

20.3.4. Telji dómnefnd lakasta tímann óeðlilegan, mega þeir velja einn af fjórum lökustu tímum sem talinn er réttastur.

20.3.5. Aftur á móti má engin keppandi sem ber að hluta til eða alfarið ábyrgð á því að truflun varð á sérleiðarakstrinum hagnast á þessu.

20.3.6. Sá keppandi mun fá tíma sem áætlað er að tekið hefði hann að aka, svo fremi hann er (hærri) meiri en tíminn sem valinn er af dómnefnd sem lakasti tíminn.

20.3.7. Þurfi keppendur að nema staðar á sérleið skulu þeir koma bílum sínum af veginum sé þess nokkur kostur ella setja upp endurskinsþríhyrninga er vara eftirfarandi keppendum við hættunni í tæka tíð.

20.3.8. Keppendum er skylt að aðstoða hvern annan í slysatilfellum og koma boðum til starfsmanna keppinnar og/eða réttra yfirvalda. Keppandi sem tefst vegna slíkra atvika skal halda sæti sínu eins og það var þegar viðkomandi leið hófst, þ.e. staða hans í bilinu milli næsta bíls á undan og næsta bíls á eftir verður í sömu hlutföllum að leið lokinni með tilliti til refsistiga. Sinni keppendur ekki þessum skyldum varðar það brottvísun úr keppni. Keppendur er lenda kunna í óhöppum skulu jafnan gefa öðrum keppendum það í skyn, sé hjálpar ekki þörf.

20.3.9. Verði slys og ökumenn þeirrar bifreiðar verði aðstoðar þurfi skal næsti bíll stöðva og aðstoða og vara aðra keppendur við. Ef fjarskiptasamband er ekki til staðar á slysstað eða í endamarki, skal næsti bíll þar á eftri aka leiðina á umferðarhraða til að koma boðum í endamark, rásmark og til keppnisstjórnar eins fljótt og auðið er.

20.4. BANNSVÆÐI ("PARC FERMÉ").

20.4.1. Keppnisbifreiðar eru á bannsvæði (Parc Fermé) á eftirtöldum stöðum:

20.4.2. Frá því að komið er inn á byrjunarsvæði, endurröðunarsvæði, lok áfanga og þar til farið er út úr þessum svæðum (sjá grein 5.2.3.).

20.4.3. Frá því komið er inn á tímavarðstöð og þar til farið er af henni (sjá greinar 5.2.2.).

20.4.4. Frá því að í endamark er komið og þar til kærufrestur er útrunninn.

20.5. Viðgerðir

20.5.1. Meðan bifreiðar eru á bannsvæðum 'Parc Fermé', viðgerðir og bensíntaka er stranglega bönnuð að viðlagðri brottvísun úr keppni.

20.5.2. Sjái hins vegar skoðunarmenn að bifreið er ekki í ástandi sem samrýmist reglum um almenna notkun á vegum, verða þeir að láta keppnisstjóra tafarlaust vita. Hann getur síðan farið fram á að gert sé við bifreiðina.

20.5.3. Þegar þetta gerist er mínútunum sem notaðar eru til viðgerðar taldar sami fjöldi mínútna eins og þegar of seint er komið inn á tímavarðstöð. Sá tími mun þarafleiðandi vera tekinn með þegar reiknuð er refsing til brottvísunar úr keppni. Þetta er ástæða þess að tími sem notaður er í viðgerðir má ekki vera meiri en sá tími sem fyrirbyggjandi er áður en keppenda var refsað. Fari tíminn yfir þennan tíma skal brottvísun úr keppni tilkynnt.

20.5.4. Til að fyrirbyggja að keppandi reyni að bæta upp tapaðan tíma eftir viðgerðir má vera að keppenda verði úthlutaður nýr brottfarartími.

20.5.5. Sem undantekning og undir eftirliti hæfs starfsmanns keppnisstjórnar, má keppandi, meðan á bannsvæði er (Parc Fermé), við upphaf keppni, endurröðunarsvæðinu eða við áfangelok.

20.5.5.1. skipta um sprungið eða skemmt dekk með því að nota verkfæri sem eru í bifreiðinni;

20.5.5.2. Þessum viðgerðum verður að vera lokið áður en að brottfarartíma kemur. Að öðrum kosti skal refsað samkvæmt því sem getið er í grein 5.6.3.

20.6. Um leið og keppandi hefur lagt bifreiðinni í bannsvæðinu (Parc Fermé) verður áhöfnin að fara út úr því og mun engum úr áhöfninni leyft að fara þangað inn aftur.

20.7. Til að fara út úr bannsvæði (Parc Fermé) við upphaf keppni, endurröðunarsvæði og lok áfanga er keppendum heimilt að fara inn á bannsvæðið (Parc Fermé) tíu (10) mínútum áður en brottfarartími er.

20.8. Sé ekki hægt að hreyfa bifreiðina fyrir eigin vélarafli:

20.8.1. að inngangi eða útgangi bannsvæðis (Parc Fermé) við upphaf keppni, endurröðunarsvæði eða lok áfanga, verður refsað með þrjátíu (30) sekúndum. Þessi refsing mun ekki telja til brottvísunar úr keppni.

20.8.2. við upphaf sérleiðar, verður keppenda vikið úr keppni.

20.9. Brot á reglum um bannsvæði ("Parc Fermé") varða brottvísun úr keppni.

20.10. Brot á reglu 4.4.5 og undurreglu hennar skal ekki meðhöndla eins og brot á BANNSVÆÐI (PARC FERMÉ).

21. SKOÐUN/REFSINGAR

21.1. SKOÐUN

21.1.1. Sérhver keppandi sem ætlar að taka þátt í keppninni þarf að mæta með keppnisbifreiðina til skoðunar s.k.v dagskrá keppinnar.

21.1.2. Sérhver keppandi sem kemur til skoðunar utan þessara tímamarka mun ekki leyft að hefja keppni, nema vegna ófyrirsjánnlegra orsaka (force majeure) sem dómnefnd viðurkennir.

21.1.3. Eftirfarandi skilríki verða athugað í skoðun:

21.1.3.1. Ökuskírteini.

21.1.3.2. Félagsskírteini (aðeins íslenskir keppendur)

21.1.3.3. Keppnisskírteini. Erlendir keppendur framvísi gildu alþjóðlegu keppnisskírteini eða staðfestingu sem AKÍS samþykkir.

21.1.3.4. Skoðunarvottorð bifreiðar.

21.1.3.5. Tryggingarskírteini bifreiðar og tryggingaviðauki (eða yfirlýsing frá tryggingafélagi um að hann sé ekki þörf). s.k.v. (grein 3.7.7.).

21.1.3.6. Bifreiðin verður að hafa gilda bifreiðaskoðun er til keppnisskoðunar kemur.

21.1.4. Eftir skoðun, ef bifreið er ekki samþykkt af skoðunarmönnum, mun dómnefnd eða skoðunarmaður ákveða tímasetningu sem keppendur hafa til að ganga þannig frá bifreiðinni að hún verði samþykkt.

21.1.5. Sérhver bifreið sem ekki er samþykkt af skoðunarmönnum mun ekki fá rásheimild.

21.1.6. Aðeins ökumenn og einn til viðbótar mega fylgja bifreiðinni gegnum skoðun.

21.1.7. Keppnisskoðun bifreiða fyrir upphaf keppni er aðeins af almennum toga (skilríki, bifreiðategund og árgerð, hvort bifreiðin virðist samrýmast skráningargengi, nauðsynlegustu öryggisatriði o.s.frv.) og síðan:

21.1.7.1. Staðfesta keppnisbifreið. Grind og vél geta verið auðkennd hvenær sem er meðan á keppni stendur, samkvæmt ákvörðun keppnisstjórnar hverju sinni.

21.1.7.2. Öryggishjálmar beggja ökumanna verða skoðaðir. Íslenskir keppendur verða að vera með hjálma sem uppfylla skilyrði sem tilgreind eru í „Hjálmaastaðlar FIA“ s.k.v reglum AKÍS (sjá mynd).

22. 6.1.7.3

- 22.1.1.1. Erlendir keppendur verða að hafa öryggishjálma sem uppfylla reglur þær sem FIA setur upp. Hjálmar sem ekki uppfylla þessi skilyrði eða dæmdir í slæmu ásigkomulagi má gera upptæka.
- 22.1.1.2. Keppnisgallar ökumanna. Ökumenn eiga að vera í samfesting úr eldtefjandi efni sem samþykktur er af FIA. Samfestingurinn skal falla þétt að ökklum og úlnliðum; ullar eða eldtefjandi sokkar og nærfatnaður; leður eða eldtefjandi gatalausir skór.
- 22.1.1.3. Keppendur skulu nota HANS búnað sem viðurkenndur er af AKÍS.
- 22.1.2. Til að fá rásheimild þurfa allar bifreiðar að vera með:
- 22.1.2.1. Hafa slökkvitæki meðferðis, minnst fjögur (4) kg. að heildarinnihaldi í ekki færri en tveimur (2) ílátum, staðsett þannig að auðvelt sé fyrir ökumenn að ná til þeirra og skulu þau tryggilega fest eða hafa slökkvikerfi sem viðurkennt er af FIA.
- 22.1.2.2. Vera með framrúðu úr öryggisglari
- 22.1.2.3. Hafa veltibúr er samræmist FIA reglum (sjá grein 253 í lögbók FIA <http://www.fia.com/sites/default/files/regulation/file/253%20%282013%29.pdf>)
- 22.1.2.4. Hafa meðferðis tvo (2) endurskinsþríhyrninga til notkunar í neyðartilvikum.
- 22.1.2.5. Hafa viðurkennd a.m.k. fimm (5) punkta öryggisbelti, sem báðum ökumönnum ber ávalt að nota.
- 22.1.2.6. Hafa meðferðis viðurkenndan sjúkrakassa.
- 22.1.2.7. Hafa allan farangur og annan búnað tryggilega festan í bifreiðinni.
- 22.1.3. Engri bifreið verður veitt rásheimild nema að það uppfylli öryggiskröfur FIA.
- 22.1.4. Aukaskoðanir geta farið fram hvenær sem er meðan á keppni stendur, hvort heldur sem er á bifreiðunum eða keppendum. Keppandinn er ábyrgur fyrir því að bifreiðin standist skoðun hvenær sem er keppni.
- 22.1.5. Skyldu einhver auðkenni (sjá grein 4.2.6.) vera sett á bifreið, þá er það á ábyrgð keppenda einna að sjá til þess að þessi auðkenni séu vernduð þangað til keppni lýkur. Skyldi þau vanta getur það vladið brottvísun úr keppni.
- 22.1.6. Sé reynt að svindla, þó sérstaklega hafi verið reynt að endurgera auðkenni, mun það valda brottvísun úr keppni. Aukinheldur mun það sama ganga yfir alla þá

keppendur eða keppnisaðila sem aðstoðað hafa við brotið. Þetta mun ekki hafa nein áhrif á það að landssamband það, sem viðkomandi keppandi eða meðseksmaður er félagi í, getur verið beðið um að auka refsinguna.

22.2. ENDURSKOÐUN

22.2.1. Um leið og keppendur koma í endamark við lok keppni fara bílarnir í bannsvæði (Parc Fermé), þar sem athugað verður:

22.2.1.1. Hvort bifreiðin sé sú sama og var skoðuð samkvæmt grein 6.1.;

22.2.1.2. Hvort ástæða sé til að beita refsingum samkvæmt grein 6.3.

22.2.1.3. Vöntun á auðkennum samkvæmt grein 4.2.6., veldur brottvísun úr keppni.

22.2.2. Nákvæm skoðun þar sem sundurtekt á bifreiðum í efstu sætum yfir heildina og/eða hverju gengi og hugsanlega fyrir hvaða keppenda sem er, má framkvæma samkvæmt ákvörðun dómnefndar eða í framhaldi af kærui eða samkvæmt ákvörðun keppnisstjóra.

22.2.3. Hafi kærur á búnaði keppnisbíla í för með sér meiriháttar sundurtekt á honum skal sá sem kærir leggja fram tryggingu er nemur kr. 50.000.-, (nema dómnefnd ákveði aðra upphæð) er verður endurgreitt reynist kærui eiga við rök að styðjast. Reynist kærui ekki eiga við rök að styðjast skal sá sem kærir jafnframt greiða allan aukakostnað sem af sundurtekt og samsetningu kann að hljótask samkvæmt ákvörðun dómnefndar.

22.3. REFSINGAYFIRLIT

22.3.1. RÁSHEIMILD ER NEITAÐ

22.3.1.1. Brot við könnun sérleiða

22.3.1.2. Þáttökugjald ekki greitt

22.3.1.3. Yfirlýsing og tryggingar

22.3.1.4. Fjöldi áhafnarmeðlima

22.3.1.5. Auglýsingar

22.3.1.6. Meir en 10mínúmun of seinn í ræsingui

22.3.1.7. Skoðun

22.3.2. BROTTVÍSUN

- 22.3.2.1. Eldfimur vökvi í bifreið
- 22.3.2.2. Röng, fölsk eða óíþróttamannsleg hegðun
- 22.3.2.3. Keppendur og einkennisspjald
- 22.3.2.4. Hjálmar
- 22.3.2.5. Akstur á sérleiðum áður en keppni hefst
- 22.3.2.6. Skráningarnúmer og keppnismerki
- 22.3.2.7. Breyta, taka burt einkennisupplýsingar bifreiðar
- 22.3.2.8. Tímabók
- 22.3.2.9. Umferð
- 22.3.2.10. Hraðakstur
- 22.3.2.11. Akstur utan vegar
- 22.3.2.12. Seinkun meira en 10mínútur við upphaf áfanga, hluta eða sérleiðar.
- 22.3.2.13. Leiðavarðstöðvar
- 22.3.2.14. Tímavarðstöðvar
- 22.3.2.15. Seinkun meira en 15mín.
- 22.3.2.16. Seinkun meira en 45mín.
- 22.3.2.17. Sérleiðir
- 22.3.2.18. Þjónustubifreiðar
- 22.3.2.19. Ræsing innan 20 sek
- 22.3.2.20. Bannsvæði (Parc Fermé)
- 22.3.2.21. Auðkenni
- 22.3.2.22. Endurskoðun

22.3.3. TÍMAREFSINGAR

22.3.3.1. Hraðakstur – 1 mín/km

22.3.3.2. Ræsing - hver mínúta að tímamörkum – 1 mín

22.3.3.3. Tímavarðstöðvar

22.3.3.3.1. Fyrir hverja mínútu of seint -10 sek

22.3.3.3.2. Fyrir hverja mínútu of snemma – 20 sek

22.3.3.4. Sérleiðir

22.3.3.4.1. Seinn til ræsingar – 1 mín

22.3.3.4.2. Þjófstart – 1 mín

22.3.3.4.3. Tímaskráning ekki gerð við lok sérleiðar – 5 mín

22.3.3.4.4. Hver sekúnda – 1 sek

22.3.3.4.5. Neita að fara af stað inn á sérleið á réttum tíma og á réttum tíma í rásröð 10 mín

22.3.3.5. Bannsvæði (Parc Fermé)

22.3.3.5.1. Viðgerðir í bannsvæðum hver byrjuð mínúta. – 1 mín

22.3.3.5.2. Vél ekki í gangi við brottför eða komu á bannsvæði – 30 sek

22.3.4. SEKTIR

22.3.4.1. Umferðarlagabrot á könnunartíma – 10.000

22.3.4.2. Vöntun á nafni eða hjálmur, föt – 2.500.-

22.3.4.3. Hvert hulið skráningarnúmer – 5.000.-

22.3.4.4. Vöntun keppnismerkinga – 5.000.-

22.3.4.5. Nöfn og þjóðfánar ökumanna, hver – 2.500.-

22.3.4.6. Bilun í ljósabúnaði, hvert ljós – 1.000.-

22.3.5. REFSINGAR SAMKVÆMT ÁKVÖRÐUN DÓMNEFNDAR

- 22.3.5.1. Óípróttamannsleg hegðun
- 22.3.5.2. Bort á viðgerðarreglum
- 22.3.5.3. Ekki farið að tilmælum tímavarða
- 22.3.5.4. Endurtekin þjófstört
- 22.3.5.5. Bannað að skipta um dekkjagang
- 22.3.5.6. Ræsingu á sérleið neitað

23. KÆRUR - ÁFRÝJANIR - ÚRSLIT – VERÐLAUN

23.1. KÆRUR - ÁFRÝJANIR

- 23.1.1. Allar kærur skal leggja fram og þær meðhöndlaðar samkvæmt lögbók FIA.
- 23.1.2. Kærufrestur er 30 mínútur eftir að úrslit eru birt, nema annað sé tekið fram í reglum keppinnar.
- 23.1.3. Kærur vegna flokkaskráninga skulu berast minnst 30 mínútum fyrir keppni, nema annað sé tekið fram í reglum keppinnar.
- 23.1.4. Kærur skulu vera skriflegar og afhendast keppnisstjóra ásamt tryggingu sem tilgreind er í verðskrá AKÍS, nema annað komi fram í dagskrá keppinnar. Tryggingafé fæst ekki endurgreitt nema kæran sé tekin til greina.
- 23.1.5. Krefjist kæran verulegrar sundurtektar og samsetningar á mismunandi atriðum í bifreiðinni, verður kærandi að greiða aukagjald:
 - 23.1.5.1. að upphæð kr. 50.000,- sé það ákveðinn vel skilgreindur hluti bifreiðarinnar (vél, girkassi, stýrisbúnaður, bremsukerfi, rafkerfi o.s.frv.);
 - 23.1.5.2. að upphæð kr. 100.000,- sé það öll bifreiðin.
- 23.1.6. Kostnaður vegna sundurtektar og flutnings á bifreiðinni verður á reikning kæranda verði kæran ekki tekin til greina, en af kærða sé kæran tekin til greina.

23.1.7. Sé kæra ekki tekin til greina og kostnaður (skoðun, flugningur o.s.frv) vegna kærunnar er hærri en tryggingargjaldið, mun mismunurinn greiddur af kæranda. Á hinn bóginn, reynist kostnaður lægri fær viðkomandi endurgreiddan mismuninn.

23.1.8. Keppendur hafa rétt til að áfrýja lokaúrslitum samkvæmt 18. Grein keppnisreglna AKÍS. (S.k.v keppnisreglum AKÍS sem gilda til Mars 2017)

23.2. ÚRSLIT

23.2.1. Refsingar verða birtar í klukkustundum, mínútum og sekúndum. Heildarrefsing eru samanlögð refsing á ferjuleiðum og sérleiðum keppninnar svo og viðbótarrefsingar. Sá keppandi sem lægsta heildarrefsingu fær telst sigurvegari yfir heildina, næstlægsti annar osfrv. Gengja og flokkaverðlaun verða veitt á sama hátt.

23.2.2. Fari svo að tveir eða fleiri keppendur skilji jafnir, vinnur sá er bestan tíma hefur á fyrstu sérleið þar sem mismunur er. Sé ógerningur að ná fram úrslitum með refsingum og tímum skal dómnefnd varpa hlutkesti.

23.2.3. Úrslit verða birt samkvæmt tímatöflu keppninnar samanber kafla 1.

23.2.4. Lokaúrslit skulu birt að keppni lokinni og opinber úrslit birt að kærufresti loknum. Berist kærur sem gætu varðað úrslit þá skulu úrslit birt með fyrirvara og endanleg úrslit birt svo fljótt sem auðið er.

23.3. VERÐLAUN OG VIÐURKENNINGAR

23.3.1. Verður gefið út sérstaklega fyrir hverja keppni fyrir sig.

23.3.2. Stig til Íslandsmeistara skulu gefin (í hverjum flokki) s.k.v. eftirfarandi nema reglur keppninnar, eða reglur AKÍS tiltaki annað:

23.3.2.1. Stigatafla

23.3.3. Einnig eru gefin stig fyrir eina sérleið í hverri keppni. Erlend fyrirmynd, „Power stage“

23.3.3.1. Þessi sérleið skal tiltekin í dagskrá og/eða leiðarlýsingu hvernar keppni.

23.3.3.2. Tilgreini keppnishaldari enga sérleið skal síðasta gilda sérleið keppninnar gilda.

23.3.3.3. Eins og í heildarkeppninni eru stig gefin fyrir heildarkeppnina og flokka.

23.3.3.4. Ef einn eða fleiri keppendur eru með sama tíma skal gefa stig með eftirfarandi hætti.

23.3.3.4.1. Ef tveir eru með jafnan besta tíma skulu þeir báðir fá stig fyrir fyrsta sæti. Sú áhöfn sem kemur á eftir fær stig þriðja sætis.

23.3.3.4.2. Ef fjórar áhafnir eru með jafnan besta tíma skulu þær allar fá stig fyrir fyrsta sæti. Aðrar áhafnir fá ekki stig.

23.3.3.4.3. Stigatafla fyrir „Power stage“